

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um
embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn
Reykjavíkurborgar og fundarsköp.**

Árið 2026, miðvikudaginn 5. ágúst kl. 13:25 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1268. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.
Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Sigrún Reynisdóttir og Böðvar Páll Jónsson.
Fundarritari var Auður Eygló Andrésdóttir

Þetta gerðist:

1. Akrasel 30 - USK26070080

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að áður útgrafinn kjallari hefur verið innréttaður sem aukaíbúð auk þess sem sótt er um leyfi til að byggja garðskála við suðvesturhlíð einbýlishúss á lóð nr. 30 við Akrasel.

Áður gerð stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Garðskáli: xx ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 6. maí 2008.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Arnarhlíð 8 - USK26050387

Sótt er um leyfi til að koma fyrir svalalokunum á allar veggssvalir fjölbýlishúsanna á lóð nr. 8 við Arnarhlíð.

Erindinu fylgir undirrituð aðalfundargerð Húsfélagsins frá 18. febrúar 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

3. Álfabakki 2A - USK26060365

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23080010 með því að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 2A við Álfabakka.

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir dags. 22. júní 2026 og yfirlit breytinga dags. 24 september 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Álfabakki 8 - USK26050077

Sótt er um leyfi til að breyta útliti og innra skipulagi kvikmyndahúss á lóð nr. 8 við Álfabakka.

Erindi fylgir skýrsla Brunahönnunar slf. um brunahönnun dags. 5. maí 2026, varmatapsútreikningar dags. 31. mars 2026 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Ármúli 13A - USK26030427

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0102, innrétta þrjú gistirými, þjónusturými fyrir gesti og starfsmannaðstöðu, ásamt því að breyta flokkun gististaðar í fl. II, teg. b fyrir 147 gesti í mhl. 09 á lóð nr. 13A við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Ármúli 32 - USK26060016

Sótt er um leyfi til að fækka gluggum, koma fyrir skyggnum á suður- og norðurhlið framhúss, klæða með lóðréttri áklæðningu og sameina mhl. 01 og mhl. 02, á lóð nr. 32 við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

7. Bankastræti 7A - USK26020457

Sótt er um leyfi til að rífa og endurbyggja efstu hæð, koma fyrir lyftu, innrétta verslun á 1. hæð, veitingastað í fl. II, teg. ? á 2. hæð og skrifstofur á 3. hæð í húsi á lóð nr. 7A við Bankastræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 24. mars 1994.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Bleikjukvísl 5 - USK26010451

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, m.a. stækka og fjölga gluggum í kjallara, bæta við útihurð, koma fyrir léttum stiga milli hæða og bæta við snyrtingum ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum þar sem tekin hafa verið í notkun óuppfyllt rými í kjallara og innréttuð sem tómstundarými og eldhúsgluggar hafa verið síkkaðir og gerð hurð út á verönd í einbýlishúsi á lóð nr. 5 við Bleikjukvísl.

Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa vegna áður gerðra breytinga dags. 16. júlí 2025.

Áður gerð stækkun: 111 ferm., 254,1 rúmm.

Stærð eftir stækkun, mhl. 01: 383,2 ferm., 1.110,4 rúmm.

Mhl. 02: 46,8 ferm., 156,8 rúmm.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

9. Blikastaðavegur 4 - USK26070182

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu á suðurhlíð, breyta útliti og breyta innra skipulagi á svæði 3 og 4 í húsi á lóð nr. 2-8 við Blikastaðaveg 2-8.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir breytingu: xx ferm., xx rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og greinagerð hönnuða dags. 9. júlí 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Borgartún 26 - USK26070181

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og fjölga geymslum í kjallara húss á lóð nr. 26 við Borgartún.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Bragagata 33A - USK26070136

Sótt er um leyfi til að rífa bakhús og byggja nýtt og innréttuð vinnustofur í húsi á lóð nr. 33a við Bragagötu

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Brekkugerði 9 - USK26030424

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053258 vegna lokaúttektar þar sem innréttuð hefur verið íbúð í rými 0002 og geymsla í bílgeymslu einbýlishúss á lóð nr. 9 við Brekkugerði.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 24. október 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júlí 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júlí 2026

13. Brekkustígur 3A - USK25120370

Sótt er um leyfi til að gera viðbyggingu á einni hæð með þaksvölum við austurhlið, gera nýjan kvist á vesturþekju og færa inngang einbýlishúss á lóð nr. 3A við Brekkustíg.

Stækkun: 24,1 ferm., 68,9 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 30. janúar 2026, samþykki meðeiganda dags. 23. desember 2025, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júlí 2026 og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. júlí 2026.

14. Búland 19 - USK26030398

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti í raðhúsi á lóð nr. 19 við Búland.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Engjateigur 11 - USK26070162

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. og 2. hæðar í húsi á lóð nr. 11 við Engjateig.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Fiskislóð 41 - USK26070074

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, m.a. fjarlægja svalir og breyta flóttaleiðum í húsi á lóð nr. 41 við Fiskislóð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Grensásvegur 1C – breytingaerindi - USK26070077

Sótt er um leyfi til að breyta útloftum og fjarlægja tvær hurðir kjallara mhl .04, fjölbýlishúsi C, á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum uppdráttum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Grensásvegur 50 - USK26030162

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt og innréttuð hefur verið aðstaða fyrir stoðkerfismeðhöndlun í rými 0201 í skrifstofuhúsi, mhl. 02, á lóð nr. 50 við Grensásveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Hamrahlíð 17 - USK26070200

Sótt er um leyfi til að setja þakskygggni yfir steypa verönd á 2.hæð austan megin á húsi á lóð nr. 17 við Hamrahlíð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Járnsléttu 10 - USK26070137

Sótt er um að skipta upp vinnurými í austurenda iðnaðarhúss á lóð nr. 10 við Járnsléttu.

Málinu fylgir skýrsla brunahönnuðar dags. 25.06.2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

21. Jónsgeisli 91 - USK26070138

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK25080037 þannig að þak yfir geymslusvæði er fellt út, stoðveggjum og flóttastiga bætt við á vesturhlíð húss á lóð nr. 91 við Jónsgeisla.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Jöfursbás 4 - USK25050072

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og til að breyta brunavörnum í húsi á lóð nr. 4 við Jöfursbás.

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir dags. 20. ágúst 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Klapparstígur 38 - USK26070134

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum innanhúss í íbúðar-og veitingahúsi á lóð nr. 38 við Klapparstíg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Kristínargata 3 - USK26030212

Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt rannsóknar- og skrifstofuhús, fjórar hæðir á kjallara með x stæðum og verður tæknisetur fyrir Vísindagarða Háskóla Íslands á lóð nr. 3 við Kristínargötu.

Stærð: 12.199,6 ferm og 56.982,6.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla dags: 01.06.2026

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Kárástígur 10 - USK26070323

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti húss á lóð nr. 10 við Kárástíg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Langagerði 74 - USK26070156

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056381 vegna athugasemda við lokaúttekt þannig að mhl. 01 verður klæddur báraðri málmklæðningu og innréttað tómstundaherbergi í bílskúr við einbýlishús á lóð nr. 74 við Langagerði.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi

27. Langirimi 21-23 - USK26020239

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innréttað hefur verið tannlæknastofa í rými 0203 í húsi á lóð nr. 21-23 við Langarima.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

28. Maríubaugur 3 - USK26070110

Sótt er um leyfi til að reisa tímabundnar leikskólaeiningar úr lausum kennslustofum fyrir 22 börn og 6 starfsmenn í húsi nr. 3 við Maríubaug.

Erindi fylgir greinagerð um hljóðvist dags. 2. júlí 2026, lífsferilsgreining dags. 3. júlí 2026 og orkurammaútreikningar.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

29. Miðtún 11 - USK25100266

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti einbýlishúss, mhl.01 og bílskúrs, mhl.02, á lóð nr. 11 við Miðtún.

Stækkun: Mhl.02: 30.1 ferm., 81.7 rúmm.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa við Miðtún 13 og Samtún 22 dags. 2. nóvember 2025 og yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

USK25110361 um breytingu á deiliskipulagi hefur hlotið samþykki þann 16.06.2026

Frestað. Vísað til athugasemda.

30. Njörvasund 35 - USK26070075

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri breytingu sem felst í að innréttuð hefur verið íbúð í rými 0001 fjölbýlishúsi á lóð nr. 35 við Njörvasund.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 14. ágúst 1952 og greinagerð hönnuðar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Pósthússtræti 9 - USK26070115

Sótt er um leyfi til að breyta brunaskilum í kjallara veitingahúss á lóð nr. 9 við Pósthússtræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 11. júní 2013.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Rafstöðvarvegur 25 - USK26070019

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056298 með því að innrétta aukaíbúð í kjallara og til að breyta glugga á húsi á lóð nr. 25 við Rafstöðvarveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Rauðarárstígur 27 - USK26070307

Sótt er um leyfi til að innrétta hárgreiðslustofu í húsi á lóð nr. 27 við Rauðarárstíg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Seljavegur 13 - USK26040021

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0301 og mynda þannig sjálfstæða fasteign í tvíbýlishúsi á lóð nr. 13 við Seljaveg.

Frestað. Lagfæra skráningu.

35. Skipholt 50D - USK26060388

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 2. hæð og innrétta fyrir starfsemi Menntaskóla í Tónlist í húsi á lóð nr. 50D við Skipholt.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

36. Skólavörðustígur 42 - USK26070324

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að lyftu sem sett var upp í stigahúsi og breytingar á snyrtingu 1. hæðar í húsi nr. 42 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 11. desember 2018.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

37. Skólavörðustígur 9 – breytingaerindi - USK26030117

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK2406006 þannig að kjallari er stækkaðu og innra skipulagi, anddyri og flóttaleiðum breytt í nýbyggingu, mhl.02, á lóð nr. 9 við Skólavörðustíg.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Suðurlandsbraut 22 - USK26070158

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innréttuð hefur verið nuddstofa í rými xxxx í húsi á lóð nr. 22 við Suðurlandsbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 20. júlí 2007 og mæliblað ódagsett.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Súðarvogur 9A - USK26070382

Sótt er um leyfi til að byggja 14,7 m2 sólskála á svölum íbúðar 0403 í húsi á lóð nr. 9A við Súðarvog.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Úthlíð 12 - USK26070021

Sótt er um leyfi til að koma fyrir þakgluggum í geymslurisi fjölbýlishúss á lóð nr. 12 við Úthlíð

Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 07. október 2003.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Vatnagarðar 40 - USK26050046

Sótt er um leyfi fyrir LED skilti á vesturgafli bílapvottastöðvar, mhl.01, á lóð nr. 40 við Vatnagarða.

Stærð skiltis: 5.76 x 1.92 m og 11. 3 ferm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Synjað. Samræmist ekki samþykkt umskilti í Reykjavík þar sem skiltið er stærra en 0.5 fm og ekki er tekið á því í deiliskipulagi.

42. Vesturgata 3 - USK26050337

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara og á fyrstu hæð á veitingastað í flokki II, fyrir 155 gesti í rými 0101 í veitinga- og íbúðarhúsi, mhl. 01, á lóð nr. 3 við Vesturgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

43. Þingholtsstræti 29A - USK26050108

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048605, með síðari breytingu BN061539, þannig að útliti og innra skipulagi og ytra byrgði hússins er breytt lítillega, súlur á lóðarmörkum hækkaðar og áður gerður garðskúr í garði við lóðarmörk á lóð nr29A við Þingholtsstræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og greinagerð um brunalýsingu.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

44. Þingvað 43 - USK26070183

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum þar sem byggður hefur verið geymsluskúr við hús á lóð nr. 43 við Þingvað.

Stærð: 13,6 ferm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Ægisíða 102 - USK26070157

Sótt er um leyfi til að rífa eldsneytisgeyma, eldsneytislagnir, áfylliplan og dæluskyggni á lóð nr. 102 við Ægisíðu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 13. mars 1997 og 31. janúar 1998.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 14:20
Brynjar Þór Jónasson
Sigrún Reynisdóttir
Böðvar Páll Jónsson
Auður Eygló Andrésdóttir